

Nd.

653. Frumvarp til laga

um lögræði.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

Samhljóða þskj. 516 með þessum breytingum.

7. gr. hljóðar svo:

Kröfu um lögræðissviptingu geta gert:

1. Aðili sjálfur, sem lögræðissviptingu á að þola.
2. Eiginmaður aðila eða eiginkona, ættingjar hans í beinan legg og systkin.
3. Lögráðamaður aðila.
4. Sá, sem skyldur er að lögum til að framfæra aðila, sveitarstjórn þó því aðeins, að hann sé orðinn sveitarstyrksþurfi, svo og sá, sem framfærslurétt hefur á hendur honum að lögum.
5. Sá, sem næstur er erfingi aðila að lögum eða samkvæmt erfðaskrá, sem ekki er afturtæk.
6. Dómsmálaráðuneytið:
 - a. Þegar gæzla almannahags gerir þess þörf.
 - b. Þegar það telur réttmætt að gera kröfuna vegna tilmæla aðila sjálfs, vanda-
manna, læknis hans eða vina, eða vegna vitneskju um hag aðila, er það
hefur fengið á annan hátt.

31. gr. hljóðar svo:

Fyrirskipun eða samþykki dómsmálaráðuneytisins þarf til þess, að maður, eldri en 16 ára, verði án samþykkis síns vistaður í sjúkrahúsi eða á heilsubæli sökum fávítaskapar, geðveiki, ofnautnar úfengis eða deyfilyfja eða vegna fyrirmæla í heilbrigðislöggjöfinni, enda hafi viðkomandi áður verið sviptur sjálfræði.

Framangreind ákvæði eru ekki því til fyrirstöðu, að unnt sé að hefta frelsi manna til bráðabirgða, þegar nauðsyn krefur, að þeir séu vistaðir í sjúkrahúsi eða á öðrum svipuðum stað, sem til þess er hæfur að dómi embættislæknis, til rannsóknar eða einangrunar vegna sjúkdóms, sem hættulegur getur talizt sjálfum þeim eða öðrum. Koma hér til greina farsóttir og aðrar næmar sóttir, geðveiki, nautn eiturylfja og ölvun, sem valdið hefur því, að hlutaðeigandi hefur verið tekinn í umsjá löggæzlumanna. Aldrei má þó, án samþykkis hlutaðeiganda eða krafa sé gerð til dómara um sviptingu sjálfræðis hans, hefta frelsi manna tveimur sólarhringum lengur fyrir þessar sakir, nema í hlut eigi sjúklingur með bráða og hættulega farsótt, en honum er skylt að hlíta einangrun, á meðan hann er haldinn veikinni og sóttþætta stafar af honum að dómi embættislæknis.

Ekki má dvöl ofangreindra manna í sjúkrahúsi eða á heilsubæli haldast lengur en nauðsyn krefur. Skulu lögráðamenn þeirra hafa eftirlit með því.

Dómsmálaráðherra setur í samráði við landlækni nánari fyrirmæli í reglugerð um tilhögun þessara mála. Hann getur og skipað nefnd manna sér til aðstoðar við framkvæmd þeirra.

Nú telur einhver sá, sem greinir í 2. og 3. tölulið 7. gr., að sjálfræðissviptum manni sé haldið ófyrirsynju í sjúkrahúsi eða á heilsubæli, og getur hann þá borið málið undir dómstóla.